

22 amtsráðsins (sbr. 58. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar), og vil jeg skora á yður, að
27. jan. gjöra þetta heyrum kunnugt meðal íbúa amts yðar á þann hátt, er þjer álítið hent-
ugastan.

Í sambandi við þetta vil jeg mælast til þess, að þjer, herra amtmaður, útvegið
og sendið mjer svo fljótt, sem kringumstæður leyfa:

1. Tillögur hlutaðeigandi amtsráðs um, eptir hvaða hlutfalli skipta beri styrk þeim, er
að ofan getur, milli hinna þriggja amta, einkum um það, hvort nauðsynlegt sje í þessu
efni að gjöra nokkra breyting á því hlutfalli, sem komst á með dómsmálastjórnarbrjefi
frá 26. febr. 1870, og sem farið hefir verið eptir við skiptingu ápekks fjárstyrks,
er veittur hefir verið í eldri fjárlögum.
2. Skýrslur um, hver búnaðarfjelög og sjóðir sjeu í hverju amti um sig, svo og skýrslu
um framkvæmdir þeirra og núverandi ástand, og hvort amtsráðið álíti þá hœfa til
að koma til greina við skiptingu ofan umgetins fjár.
3. Uppástungu hlutaðeigandi amtsráðs um, hve stóra upphæð að fela megí viðkomandi
fjelögum umráð yfir af allt að helmingi styrks þess, sem veittur er fyrir fjárhags-
tímabilið.

23 — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um þing-*
29. jan. *mannaveginnn yfir Vaðlaheiði.* — Í sambandi við auglýsingu mína um fjallvegi
frá 9. nóvbr. 1876 (stjórnartíð. s. á. B. 117) og samkvæmt tillögum amtsráðs norður-
og austurumdæmisins, er hjer með ákveðið, að þingmannavegurinn yfir Vaðlaheiði skuli
eptirleiðis talinn með fjallvegum þeim, sem eiga að endurbætast á kostnað landssjóðsins
samkvæmt lögum 15. okt. 1875, og verður samkvæmt skýrslu amtsráðsins að álíta, að
vegur þessi liggi milli Eyjafjarðarsýslu og Þingeyjarsýslu, og ekki allur innan takmarka
hinnar síðarnefndu sýslu.

Þetta er tjáð yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.

24 — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um*
30. jan. *vegabót á Öxnadalsheiði.* — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, í brjefi
frá 11. f. m. samþykkist hjer með, að 1000 kr. af fje því, er í fjárlögunum er ætlað til
fjallvega, verði varið til að halda áfram vegagjörð þeirri, er byrjuð er á Öxnadalsheiði.
Býst jeg við, að þjer, herra amtmaður, hlutizt til um, að vegagjörð þessi verði svo hag-
anlega og traustlega af hendi leyst, sem kostur er á.

25 — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um*
31. jan. *virðingargjörðir í dánarbúum.* — Eptir að hafa meðtekið þóknanlegt álit yðar,
herra amtmaður, um fyrirspurn sýslumannsins í Húnavatnssýslu viðvíkjandi virðingum
þeim, er getur um í 16. gr. laga 12. apríl 1878 um skipti á dánarbúum, fjelagsbúum, o.
fl., vil jeg tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda það, er
nú segir:

1. Þar eð ákveðið er í tjeðri lagagrein, að 2 vottar þeir, er taka skulu þátt í
virðingunni, skuli síðan vinna eið að virðingunni, ef þess er krafizt, getur skiptaráðandi
eða hreppstjóri tekið hverja 2 góða og áreiðanlega votta, er hann vill, til slíkrar virðingar.